



## Laun á opinbera markaðnum hafa hækkað töluvert meira en á þeim almenna

Launavísitalan hækkaði um 0,2% milli nóvember og desember samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Síðustu 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 7,2%. Í október höfðu laun á opinbera markaðnum hækkað um 9,3% á einu ári meðan þau hækkuðu um 6,3% á almenna markaðnum.

### Laun hækka meira á opinbera markaðnum

Hagstofan birtir niðurbrot launavísitölunnar jafnan tveimur mánuðum eftir birtingu vísitölunnar sjálftrar. Í október höfðu laun á almenna markaðnum hækkað um 6,3% á einu ári á meðan þau hækkuðu um 9,3% á opinbera markaðnum. Laun hjá ríkinu hækkuðu um 8,1% og laun hjá sveitarfélögunum um 10,6% frá október 2019 til október 2020.

Hluti af skýringunni á þessum mun er að kjarasamningar voru almennt gerðir mun seinna á opinbera markaðnum en á þeim almenna. Þannig má segja að meginþorra kjarasamninga á almenna markaðnum hafi lokið vorið 2019, en það gerðist ekki fyrr en u.þ.b. ári síðar á þeim opinbera. Laun voru því bætt aftur í tímann á opinbera markaðnum á árinu 2020, aðallega á vormánuðum.


### Munur á milli markaða horfinn

Á árinu 2019 myndaðist óvenju mikið bil á milli launaþróunar á almenna markaðnum og þeim opinbera, aðallega vegna þess að samningar á opinbera markaðnum voru gerðir seint. Þetta bil hefur nú verið brúað að fullu og höfðu launin í október hækkað meira á opinbera markaðnum en á þeim almenna sé miðað við upphaf ársins 2015. Laun á almenna markaðnum höfðu hækkað um 50,1% á þessum tíma, en um 50,9% á þeim opinbera. Annars er reyndin sú að laun á þessum tveimur mörkuðum breytast með mjög svipuðum hætti yfir lengri tímabil.

### Laun eftir starfsstéttum


Sé litið á þróun launavísitölunnar eftir starfsstéttum kemur í ljós að laun verkafólks hafa hækkað áberandi mest frá október 2019 til október 2020, um 8,7%. Segja má að sú niðurstaða sé í anda þeirra

12 mánaða hækunartaktur launa




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launahækun einstakra hópa október 2019 - október 2020



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launaþróun á tveimur mörkuðum



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



kjarasamninga sem gerðir hafa verið á síðustu tveimur árum þar sem launahækkunir eru í formi krónutöluhækkana þannig að hækkunin verður hlutfallslega mest þar sem launin eru lægst. Laun skrifstofufólks hækkuðu næst mest, um 7,5%, og laun stjórnenda áberandi minnst, eða um 3,7%.

Laun iðnaðarmanna hækka minna nú en verið hefur á síðustu misserum og bendir það til þess að spenna á þeim hluta vinnumarkaðarins hafi minnkað, t.d. í byggingariðnaði.


### Launabreytingar í atvinnugreinum

Hvað atvinnugreinar varðar hækkuðu laun í veitustarfsemi áberandi mest á milli nóvember 2019 og 2020, um 11,4%. Næst mesta hækkunin er á veitinga- og gististöðum, 8,2%, sem gæti bent til þess að krónutöluáferðin við hækkun launa sé að gefa háa prósentulega niðurstöðu fyrir þessa grein þar sem hlutfallslega margir eru á lægri launum. Minnsta launahækkunin var í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, 4,6%, sem eins og áður segir bendir til þess að spenna í þeirri grein hafi minnkað á árinu.

### Meiri hækkunir framundan


Eins og áður segir eru tölurnar um sundurliðun launavísitölnnar jafnan tveimur mánuðum seinna á ferðinni en heildarvísitalan. Launavísitalan hækkaði um 0,7-0,8% í september og október, en hefur hækkað minna síðustu tvo mánuði. Í janúar hækkuðu laun á öllum vinnumarkaðnum um 24 þúsund krónur á mánuði fyrir lægstu laun og 15.750 krónur fyrir hærra laun. Launavísitalan mun taka stökk upp á við vegna þeirra breytinga.

Launahækkun starfsstétta  
október 2019 - október 2020



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launahækkun í atvinnugreinum  
- október 2019 - október 2020



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfræðideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.